

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um umferð á stofnbrautum.

1. *Hve mikil umferð er nú á Reykjanesbraut við Fífuhvamsveg í Kópavogi annars vegar og við Kaupþún í Garðabæ hins vegar (fjöldi bíla á sekúndu)?*

Samkvæmt umferðargreini á Reykjanesbraut við Dalveg í Kópavogi var ársdagsumferð árið 2007 45 þús. bílar á sólarhring. Hafði umferð aukist um 8,9% frá árinu 2006.

Umferðargreinin á Reykjanesbraut í Molduhrauni var ekki virkur árið 2007 vegna framkvæmda, en með því að gera ráð fyrir að umferðaraukning þar hafi orðið sú sama og á Reykjanesbraut við Dalveg var ársdagsumferð á Reykjanesbraut í Molduhrauni 28 þús. bílar á sólarhring árið 2007.

2. *Hve mikið mun umferð á Reykjanesbraut aukast:*
 - a. *við uppbyggingu atvinnusvæðis á landi Gusts í Kópavogi,*
 - b. *við uppbyggingu atvinnusvæðis í Kaupþúni í Garðabæ,*
 - c. *við væntanlega íbúðarbyggð í Urriðakotslandi,*
 - d. *við uppbyggingu íþrótt- og atvinnusvæðis við Vetrarmýri í Garðabæ,*
 - e. *við uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæðis á Völlum í Hafnarfirði á árunum 2005–2010?*

Skipulagsáform á þeim svæðum sem hér er spurt um hafa verið að taka sífelldum breytingum og umferðarspár þar með. Verið er að kynna verulegar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og þegar eitthvað liggur fyrir í því efni er gert ráð fyrir að endurmeta fyrri spár frá 2004 og 2006, sem nú þegar eru orðnar úreltar.

3. *Hvaða ár er áætlað að nauðsynlegt verði að þrefalda Reykjanesbraut vegna aukinnar umferðar?*

Nauðsyn á breikkun Reykjanesbrautar milli Kópavogs og Hafnarfjarðar úr fjórum í sex akreinar er að sama skapi háð því hvenær hin ýmsu skipulagsáform ganga eftir.

4. *Hvenær er áætlað að hefja framkvæmdir við svokallaðan Hlíðarfót í ljósi fyrirhugaðrar uppbyggingar í Vatnsmýri og hvar er áætluð tenging hans inn á stofnbrautakerfið í Kópavogi?*

Skipulag í Vatnsmýri er enn mjög óljóst og meðan svo er er erfitt að ákvarða hvernig Hlíðarfótur (Fossvogsbraut) muni best tengdur þeim megin.